

Lög um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar sildarverk-smiðjur, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 79.

Framfærslulög, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 80.

Lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 81.

Lög um Matsveina- og veitingahjónaskóla, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 82.

Lög um breyting á lögum nr. 29 frá 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 83.

Lög um veiting ríkisborgararéttar, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 84.

Lög um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 85.

Lög um þjóðleikhús, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 86.

Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 87.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1943, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 88.

Lög um fiskimálasjóð, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 89.

Lög um afgreiðslustöðvar fyrir áætlunarbifreiðar, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 90.

Fjárlögmál fyrir árið 1943, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 91.

Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 92.

Lög um aðstoð til vatnsveitna, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 93.

Lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 94.

Lög um lögræði, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 95.

Lög um embættisbústaði dómara, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 96.

65

13. maí

REGLUGERÐ

fyrir héraðsrafmagnsveitur ríkisins.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafmagnsveitnanna.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins eru fyrirtæki, sem ríkisstjórnin setur á stofn og rekur samkvæmt ákvæðum raforkulaganna til þess að veita raforku um þau héruð, sem falla undir orkuveitusvæði rafmagnsveitnanna og selja hana til heimilisþarfa, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafmagnsveiturnar eru eign ríkisins, en skulu reknar sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu: Héraðsrafmagnsveitur ríkisins.

2. gr.

65

13. maí

Verksvið og orkuveitusvæði.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins vinna orku í eigin orkuverum eða kaupa hana frá öðrum orkuverum eða orkuveitum, veita henni um þau svæði, sem orkuveitutaugar þeirra ná yfir á hverjum tíma, og afhenda hana hverjum kaupanda við húsvegg hans eða á notkunarstað.

Orkuveitusvæði héraðsrafmagnsveitna ríkisins ákveður ráðherra á hverjum tíma samkvæmt raforkulögum.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins hafa einkarétt á sölu á raforku á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Yfirstjórn, yfirumsjón og framkvæmdastjórn.

Yfirstjórn héraðsrafmagnsveitna ríkisins er í höndum þess ráðherra, sem fer með raforkumál.

Raforkumálastjóri hefur í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með héraðsrafmagnsveitum ríkisins, rekstri þeirra og framkvæmdum.

Rafmagnsveitustjóri ríkisins er framkvæmdastjóri héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

4. gr.

Verksvið raforkumálastjóra.

Raforkumálastjóri hefur á hendi yfirumsjón með rekstri og framkvæmdum héraðsrafmagnsveitna ríkisins. Hann sendir ráðherra árlega efnahags- og rekstrarreikning þeirra, svo og kostnaðarreikning fyrir þau mannvirki, sem eru í smíðum, enn fremur skýrslu um starfsemina. Hann gerir og árlega fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og sendir ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Hann gerir, ásamt rafmagnsveitustjóra, tillögur um nýjar orkuveitur eða orkuver og um aukningu eldri virkja. Í fjárhagsáætlun eru teknar upp tillögur um lántökur og önnur fjárframlög og um ráðstöfun á sjóðeignum héraðsrafmagnsveitnanna.

Áður en ráðist er í að koma upp orkuveitu eða reisa orkuver gerir raforkumálastjóri, að undangenginni rannsókn, nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af mannvirkjunum og reiknar út styrkpörf þeirra samkv. 28. gr. raforkulaganna.

Raforkumálastjóri semur ásamt rafmagnsveitustjóra gjaldskrá fyrir héraðsrafmagnsveiturnar og sendir ráðherra hana til staðfestingar.

Raforkumálastjóri sendir raforkuráði til athugunar og umsagnar þau erindi, varðandi héraðsrafmagnsveitur ríkisins, sem 53. gr. raforkulaga gerir ráð fyrir.

Ráðherra skipar fasta starfsmenn héraðsrafmagnsveitnanna að fengnum tillögum raforkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra.

5. gr.

Verksvið rafmagnsveitustjóra.

Rafmagnsveitustjóri stjórnar daglegum rekstri rafmagnsveitnanna, sér um viðhald þeirra og umbætur og allt, er að rekstri þeirra lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hann gefur raforkumálastjóra þær skýrslur, sem raforkumálastjóri kann að óska um rekstur og ástand rafmagnsveitnanna og afhendir raforkumálastjóra ársreikning þeirra.

Rafmagnsveitustjóri stjórnar öllum verklegum framkvæmdum, sem snerta héraðsrafmagnsveitur ríkisins. Hann ræður verkamenn og starfsmenn rafmagns-

65 13. maí veitnanna aðra en fasta starfsmenn þeirra. Að svo miklu leyti sem því verður við komið skulu þó störf við héraðsrafmagnsveiturnar unnin af starfsfólki rafmagnsveitna ríkisins, en héraðsrafmagnsveiturnar endurgreiða rafmagnsveitum ríkisins allan kostnað þeirra eftir reikningi, sem ráðherra samþykkir.

Rafmagnsveitustjóri hefur eftirlit með rafmagnslagningu, þar með talið efni og tæki, á orkuveitusvæði héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

6. gr.

Um skilyrði fyrir lagningu nýrrar héraðsrafmagnsveitu ríkisins og aukningu eldri veitu.

Óheimilt er að hefja lagningu nýrrar héraðsrafmagnsveitu ríkisins eða aukningu eldri veitu, fyrr en sýslusjóður viðkomandi sýslu eða rafveitusjóður sýslunnar hefur greitt héraðsrafmagnsveitunum framlag héraðsins og Alþingi veitt fé fyrir framlagi ríkissjóðs, ef áætlanir raforkumálastjóra sýna að veitan er styrkþurfi, sbr. 4. gr.

Óheimilt er stjórn héraðsrafmagnsveitnanna einnig að hefjast handa um framkvæmdir, fyrr en viðurkenning er fyrir hendi frá sýslunefndaroddvita um það, að allir, sem ætla að taka rafmagn úr veitunum, hafi greitt heimtaugargjöld sín eða á fullnægjandi hátt samið um greiðslu á þeim.

Nú er um minni háttar aukningu á veitu að ræða og sá eða þeir, sem ætla að taka rafmagn úr hinni fyrirhuguðu veitu, leggja sjálfir fram nægilegt fé til að fullnægja styrkþörf veitunnar, þá er stjórn héraðsrafmagnsveitnanna heimilt að taka við þeim greiðslum, þó aldrei minna en fullu heimtaugagjaldi og leggja síðan veituna. Ef styrkþörf slíkrar veitu er minni en sem nemur heimtaugagjöldunum, skulu héraðsrafmagnsveiturnar greiða sýslusjóði viðkomandi sýslu eða rafveitusjóði hennar mismuninn.

7. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins hafa sjálfstætt reikningshald. Skal bókhaldi þeirra, eftir því sem kostur er, hagað þannig, að það sýni stofnkostnað, tekjur og gjöld veitnanna innan hverrar sýslu um sig. Tekjum héraðsrafmagnsveitnanna skal fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum þeirra, svo og afborgunum af áhvilandi skuldum, vöxtum og reksturskostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar. Enn fremur skal árlega leggja hæfilega upphæð í varasjóð, allt að 10% af heildartekjum.

Tekjuafgangi, sem þá kann að vera eftir, skal varið til aukninga og endurbóta á veitunum. Skal þá jafnan sá tekjuafgangur, sem verður innan hverrar sýslu notast innan þeirrar sýslu og reiknast í því sambandi sem framlag úr héraði jafnhár hundraðshluti af þeim tekjuafgangi og framlag úr sýslunni þá er orðið af öllu framlagi til héraðsrafmagnsveitna ríkisins innan sýslunnar. Ef stofnaður hefur verið rafveitusjóður þeirrar sýslu með reglugerð staðfestri af ráðherra, má greiða rafveitusjóðnum þann hluta tekjuafgangs, sem talízt getur framlag úr héraði.

8. gr.

Löggilding rafvirkja. Raflagningareglur.

Raforkumálastjóri getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við tauga-

kerfi héraðsrafmagnsveitna ríkisins. Raforkumálastjóri setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum frá rafmagnsveitustjóra. Löggildinguna getur raforkumálastjóri takmarkað við tiltekið hérað. Eigi má löggilda við héraðsrafmagnsveitur sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingu rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

9. gr.

Sala raforku.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu alls staðar þar, sem taugakerfi þeirra nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og í gjaldskrá héraðsrafmagnsveitnanna á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafmagnsveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

10. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu héraðsrafmagnsveitnanna, og skal hann með undirskrift sinni skuldbinda sig að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá hve mikið afl þarf og til hvers það er ætlað.

11. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug í hús eða á notkunarstað skal senda rafmagnsveitustjóra. Áður en heimtaugin er lögð skal umsækjandi hafa greitt heimtaugagjald samkvæmt gildandi ákvæðum í þeirri sýslu eða á fullnægjandi hátt samið um greiðslu á því, og öðrum skilyrðum raforkulaganna og reglugerðar þessarar vera fullnægt, sbr. 6. gr.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafmagnsveitnanna, enda þótt heimtaugagjald kunni að hafa verið greitt eftir kostnaði heimtaugarinnar að einhverju eða öllu leyti. Rafmagnsveiturnar annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi eða á öðrum mannvirkjum á notkunarstað. Ef breyting þessi hefur í för með sér verulega hækkun á fasteignamati, má reikna út heimtaugagjald samkvæmt hinu nýja mati, og krefjast greiðslu á mismun þess og fyrra heimtaugagjalds. Ella greiðist breyting heimtaugar eftir kostnaði samkvæmt reikningi rafmagnsveitnanna. Rafmagnsveitum er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafmagnsveitur þurfa til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði, að svo miklu leyti sem þetta fellur ekki undir ákvæði 6. gr.

Eigi er skylt að ljúka lagningu heimtaugar meðan jörð er frosin.

Skýlt er að láta löggiltan rafvirkja, eða rafmagnsveiturnar, ef þær taka slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögnum.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafmagnsveitnanna um allar raflagnir fyrir hönd húseigenda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum rafmagnsveitnanna um raflagnir, en rafmagnsveiturnar annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafmagnsveitnanna mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafmagnsveitnanna.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafmagnsveiturnar taka ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafmagnsveiturnar áskilja sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi þeirra ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

Veitu, sem að jafnaði notar raforku annars staðar að en frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins, má tengja við taugakerfi þeirra í því skyni, að þær verði aðallega eða eingöngu notaðar til vara, með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafmagnsveitunum vegna tengingarinnar.

Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af rafmagnsveitunum, er óheimilt án leyfis rafmagnsveitustjóra.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafmagnsveitnanna um raflagnir.

Rafmagnsveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafmagnsveitnanna hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veiturnar.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun á húsveitu eða tækjum, sem framkvæmd er af rafmagnsveitunum, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafmagnsstjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

15. gr.

Mælitæki.

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 20. gr.

Rafmagnsveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafmagnsveitnanna.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $\pm 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skulu rafmagnsveiturnar bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $\pm 5\%$, en rafmagnsveiturnar annars.

Hafi kwst.-mælir sýnt $\pm 5\%$ skekkju eða meiri, skulu rafmagnsveiturnar áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafmagnsveitum er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hafa rafmagnsveiturnar rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafmagnsveitunum ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilja rafmagnsveiturnar sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

65
13. maí

6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skulu rafmagnsveiturnar áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

16. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, geta rafmagnsveiturnar krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafmagnsveitum heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafmagnsveitunum heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

17. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

18. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, geta rafmagnsveiturnar sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafmagnsveitnanna eða annars staðar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrir en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafmagnsveitunum er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem þær kunna að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- a. þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafmagnsveitunum, sem fallinn er í gjalddaga;
- b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- c. þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir vatnsveitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

1. skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma,

er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, 65 svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var 13. maí ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafmagnsveiturnar hafa veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 15. gr.

19. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafmagnsveitunum, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafmagnsveiturnar bera ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafmagnsveiturnar áskilja sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júlí, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafmagnsveitunum heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður raforkumálastjóri, að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafmagnsveitunum, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{300}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

20. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafmagnsveitnanna, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafmagnsveitnanna. Skal uppsögn tilkynnt rafmagnsveitustjóra skriflega.

Rafmagnsveiturnar áskilja sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra eða úr einum stað í annan á orkuveitusvæðinu má afhenda rafmagnsveitustjóra með hálfis mánaðar

65 fyrirvara, ef um samskonar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunar-
13. maí stað, ella skal um flutning gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

21. gr.

Breyting á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafmagnsveitnanna og breytingum þeim, sem stjórn þeirra samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafmagnsveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð raforkumálastjóra.

C. Almenn ákvæði.

22. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessar eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum — tíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafmagnsveitnanna skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í rikissjóð.

23. gr.

Málssókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Páll Pálmason.

66

29. apríl

REGLUGERÐ

fyrir lendingarbótasvæðið á Sveinseyri við Tálknafjörð.

I. KAFLI

Takmörk lendingarbótasvæðisins.

1. gr.

Lendingarbótasvæði Sveinseyrar nær yfir svæðið milli línu, sem hugsast dregin frá Sveinseyrarodda í Hvammseyri að utan og línu, sem hugsast dregin frá Gileyri í Búðeyri að innan.